

## Samningur um lán á fartölvu í eign Framhaldsskólans í Mosfellsbæ

Samningur þessi varðar lán á fartölvu í eign Framhaldsskólans í Mosfellsbæ á skólatíma og til notkunar eingöngu í húsnæði skólans á skólatíma. Einungis er heimilt að lána þeim nemendur fartölvu í eigu skólans sem hafa skrifað undir og skilað samningi þessum til skrifstofu.

Ef nemandi er undir 18 ára þarf foreldri/forráðamaður að undirrita samning þennan ásamt nemanda.

\_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_ samþykkir að fara í einu og öllu eftir eftirfarandi reglum um fartölvur í eigu skólans:

- Fartölvur er eign skólans og hann á aðeins að nota í viðfangsefni sem tengjast skólastarfinu svo sem við kennslu, kynningar eða á annan hátt er samræmist markmiðum skólans.
- Fartölvur eru lánaðar í einu kennslustund í senn og ber því að skila þeim í lok hvernar kennslustundar. Eina undantekningin er ef nemandi ætlar að nýta fartölvuna í verkefnatíma.
- Fartölvur skólans eru ekki lánaðar í matartíma og hádegislokun skrifstofu.
- Nemandi skal skrá fartölvu á sitt nafn á svotilgerðum eyðublöðum um fartölvuútlán og skrá hana út þegar henni er skilað.
- Einungis eru lánaðar fartölvur í þær kennslustundir sem kennari hefur ákveðið.
- Nemandi má undir engum kringumstæðum skilja fartölvu skólans eftir eftirlitslausa og ber skilyrðislausa ábyrgð ef fartölva í hans umsjón er stolið. Ef nemandi fær að auki hleðslutæki lánað gilda sömu reglur um það.
- Nemanda er óheimilt að setja upp hugbúnað á tölvur skólans eða á neinn hátt breyta uppsetningu tölvubúnaðar.
- Nemendum er bannað að senda óviðeigandi efni með tölvum skólans hvort heldur er í tölvupósti, á vefsíður eða með öðrum verkfærum. Hér er átt við fjölsendingar (keðjubréf, ruslpóst), ósiðlegt efni, og annað sem getur verið særandi eða meiðandi.
- Nemendum er óheimilt að fjarlægja vélbúnað, hugbúnað eða að afrita nokkur gögn sem eru á tölvuneti skólans nema eigin gögn.
- Óheimilt er að vera með matvæli í nálægð við tölvubúnað skólans.

Ef reglur þessar eru brotnar eða ef nemandi verður uppvís af því að vinna spjöll á tölvum skólans er skólanum heimilt að stöðva fartölvulán til hans um óákveðinn tíma.

Samningur þessi gildir fyrir skólaárið 2020-2021.

Fyrir hönd FMOS

\_\_\_\_\_  
Nemandi

\_\_\_\_\_  
Forráðamaður ef nemandi er yngri en 18 ára